

SUS vill að Icesave samningi verði hafnað og málstað Íslands haldið á lofti

Stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna leggst gegn frumvarpi fjármálaráðherra um ríkisábyrgð vegna Icesave samkomulagsins. Stjórnin telur að þær miklu byrðar sem fallið geta á þjóðina vegna samkomulagsins séu langt umfram það sem eðlilegt og sanngjarnt getur talist í ljósi málavaxta.

Mikilvægt er að deilur milli Íslands og Breta og Hollendinga verði leystar en þó er mikilvægara að tryggja framtíðarhagsmuni íslensku þjóðarinnar. Stjórn SUS hvetur stjórnvöld til að einbeita kröftum sínum að því að styrkja og halda á lofti málstað Íslands. Hvímleitt er að stjórnvöld skuli fyrst og fremst leggja áherslu á að útskýra sjónarmið Breta og Hollendinga, enda er ekki annað að sjá en þeir séu fullfærir um það sjálfir.

SUS leggur til að eftir að núverandi samningsdrögum hafi verið hafnað verði skipuð ný samninganefnd. Mikilvægt er að nefndin sé skipuð sérfróðum mönnum en ekki endilega pólitískt skipuðum einstaklingum. Í þeirri stöðu sem nú er uppi er ekkert svigrúm til pólitískra flokkadrátta. Ísland þarf á öllum bestu kröftum sínum að halda.

Reynist það rétt, sem haldið er fram, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn taki virkan þátt í því að kúga Ísland til óhagstæðrar niðurstöðu í þessu máli, er það skylda stjórnvalda að vekja athygli á því á alþjóðlegum vettvangi. Slíkur fantaskapur er misnotkun á alþjóðlegum stofnunum og getur því ekki kallast annað en ofbeldi.

Mikilvægt er að þjóðin standi ávallt við skuldbindingar sínar, sem víst þykir að hún hafi stofnað til. Hins vegar er það algjörlega óljóst hverjar þær eru í þessu tilfelli og þarf að leysa það deilumál áður en til nýrra skuldbindinga er stofnað. Sérstaklega eru það óskiljanleg mistök að fallast á forgangsrétt breskra og hollenskra stjórnvalda í eignasafn Landsbankans fyrir kröfur yfir 20 þúsund evrur og bendir margt til þess að sá afleiður gæti kostað hundruði milljarða króna. Taka þarf tillit til þess skaða sem viðbrögð breskra stjórnvalda ollu íslenskum hagsmunum. Ennfremur er eðlilegt að því sjónarmiði sé haldið hátt á lofti að gjaldþrot íslensks einkafyrirtækis á Evrópumarkaði geti ekki bakað íslenskum skattgreiðendum þá ábyrgð sem haldið er fram.

SUS leggur áherslu á að öllum lögfræðilegum álitum sem styrkja málstað og hagsmuni Íslands sé haldið á lofti. Ennfremur ber að hafa í huga að deila okkar við Bretland og Holland snýst ekki aðeins um lögfræðitúlkánir heldur er um pólitíska milliríkjadeilu að ræða og því ber íslenskum stjórnvöldum að afla stuðnings með markvissum hætti meðal allra vinveittra þjóða. Víst er að mikil samúð yrði með stöðu Íslands ef stjórnámálamenn og almenningur í öðrum löndum gerðu sér grein fyrir þeim ótrúlegu kröfum sem settar hafa verið fram á hendur þjóðinni.

Að lokum vill stjórn SUS benda á að sjaldan eða aldrei hefur frumvarp verið rætt á Alþingi sem mun hafa jafn afgerandi áhrif á framtíð þjóðarinnar og líf fólksins í landinu. Því getur enginn þingmaður leyft sér að vera fjarverandi eða sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Slíkt væru alvarleg afglöp í starfi.

Nánari upplýsingar veitir Þórlindur Kjartansson, formaður SUS, í síma 8228968